

Sveitarfélagið Ölfus
Ársreikningur
2019

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn
kt. 420369-7009

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4-5
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Yfirlit um sjóðstreymi ársins.....	8
Skýringar.....	9-23
Óendurskoðað fylgiskjal:	
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.....	24

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins Ölfuss, A og B hluta, námu alls um 2.720 milljónum króna, þar af voru rekstrartekjur A hluta 2.372 milljónir króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt A og B hluta var jákvæð um 300 milljónir króna en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 195 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir A og B hluta um 5.217 milljónir króna, bókfært eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2019 nam um 2.964 milljónir króna og er eiginfjárlutfall sveitarfélagsins 56,8%.

Bæjarstjórn og stjórnendur sveitarfélagsins fylgjast sérstaklega með áhrifum kórónaveirunnar (COVID-19) á afkomu og stöðu sveitarfélagsins. Nánari umfjöllun um áhrif faraldursins á sveitarfélagið er í skýringu nr. 19 þar sem fjallað er um atburði eftir reikningskiladag.

Það er álit bæjarstjórnar og bæjarstjóra Sveitarfélagsins Ölfuss að í ársreikningi þessum komi fram allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Sveitarfélagið birtir yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn; Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.


Bæjarstjórn og bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Þorlákshöfn, 28. maí 2020


Bæjarstjórn



Gestur Þór Kristjánsson
Forseti bæjarstjórnar



Steinar Lúðvíksson
Varaforseti bæjarstjórnar



Grétar Ingi Erlendsson



Kristín Magnúsdóttir



Jón Páll Kristófersson



Þ. Sigurðardóttir



Guðmundur Oddgeirsson

Bæjarstjóri



Elliði Vignisson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Sveitarfélaginu Ölfus í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreikningsins eru bæjarstjórn og bæjarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sveitarfélagsins Ölfuss. Ef við á, skulu bæjarstjórn og bæjarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda framhald

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem við eigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Þorlákshöfn, 28. maí 2020

BDO ehf.



Sigrún Guðmundsdóttir

löggiltur endurskoðandi



Hrund Hauksdóttir

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2019

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	2019	Áætlun	2018	2019	Áætlun	2018
Rekstrartekjur	3					
Skatttekjur án framlags Jöfnunarsjóðs.....	1.592.752	1.585.280	1.457.603	1.587.241	1.585.280	1.452.727
Framlög úr Jöfnunarsjóði.....	521.550	498.605	516.405	521.550	498.605	516.405
Þjónustutekjur.....	198.036	186.130	191.497	540.784	495.955	494.256
Eignatekjur.....	40.348	40.585	41.593	64.027	64.435	62.951
Aðrar tekjur.....	18.840	17.429	18.870	6.500	4.394	13.071
	<u>2.371.526</u>	<u>2.328.029</u>	<u>2.225.968</u>	<u>2.720.102</u>	<u>2.648.669</u>	<u>2.539.410</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	4 1.132.958	1.141.780	1.067.611	1.201.159	1.202.605	1.129.043
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	13 49.844	45.300	41.895	52.719	48.815	44.921
Annar rekstrarkostnaður.....	835.322	894.248	797.433	913.184	992.446	862.147
	<u>2.018.124</u>	<u>2.081.328</u>	<u>1.906.939</u>	<u>2.167.063</u>	<u>2.243.866</u>	<u>2.036.110</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	353.402	246.702	319.029	553.040	404.803	503.300
Afskriftir.....	8 (103.505)	(106.744)	(105.788)	(175.030)	(175.879)	(171.015)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	249.897	139.958	213.241	378.010	228.924	332.285
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld						
Fjármunatekjur.....	5 15.515	7.650	13.800	12.508	8.110	10.116
Fjármagnsgjöld.....	6 (70.106)	(80.933)	(76.475)	(90.203)	(108.594)	(99.641)
	<u>(54.591)</u>	<u>(73.283)</u>	<u>(62.674)</u>	<u>(77.695)</u>	<u>(100.484)</u>	<u>(89.525)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>195.306</u>	<u>66.675</u>	<u>150.567</u>	<u>300.315</u>	<u>128.440</u>	<u>242.759</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir.....	8	2.736.748	2.713.756	3.081.364	3.066.044
Veitu- og gagnakerfi.....	8	144.031	144.690	620.932	539.424
Hafnarmannvirki.....	8	0	0	576.692	567.143
Áhöld og tæki.....	8	35.248	42.676	46.557	55.395
		<u>2.916.027</u>	<u>2.901.121</u>	<u>4.325.545</u>	<u>4.228.006</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur					
Eignarhlutir í félögum.....	9	110.039	122.143	110.785	122.889
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki.....		65.544	66.308	0	0
Aðrar langtímakröfur.....	10	34.997	33.470	34.997	33.470
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	18	205.873	203.372	226.921	225.265
		<u>416.453</u>	<u>425.294</u>	<u>372.703</u>	<u>381.624</u>
Fastafjármunir samtals		<u>3.332.480</u>	<u>3.326.415</u>	<u>4.698.248</u>	<u>4.609.630</u>
Veltufjármunir					
Vörubirgðir.....		5.112	5.129	5.112	5.129
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur.....	11	240.153	213.028	255.721	244.845
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirtæki.....		2.535	2.363	0	0
Næsta árs afborgun langtímakrafna.....	10	1.864	748	1.864	748
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki.....		133.399	73.997	0	0
Aðrar skammtímakröfur.....	11	17.503	18.446	19.084	18.713
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	18	8.209	7.798	9.053	8.642
Handbært fé.....	11	175.131	113.946	228.249	114.417
		<u>583.905</u>	<u>435.454</u>	<u>519.083</u>	<u>392.494</u>
Eignir samtals		<u>3.916.385</u>	<u>3.761.869</u>	<u>5.217.331</u>	<u>5.002.124</u>
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur.....	12	2.027.342	1.844.141	2.963.911	2.675.700
		<u>2.027.342</u>	<u>1.844.141</u>	<u>2.963.911</u>	<u>2.675.701</u>
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding.....	13	446.049	424.749	466.633	445.431
Langtímaskuldir					
Skuldabréfalán.....	14	1.153.396	1.229.374	1.472.424	1.558.994
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir.....	15	74.130	50.596	76.597	57.949
Skuldir við lánastofnanir.....		0	0	0	25.015
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	15	108.816	103.777	130.650	127.037
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		6.416	6.987	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	15	100.236	102.245	107.116	111.997
		<u>289.598</u>	<u>263.605</u>	<u>314.363</u>	<u>321.998</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>1.889.043</u>	<u>1.917.729</u>	<u>2.253.420</u>	<u>2.326.423</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.916.385</u>	<u>3.761.869</u>	<u>5.217.331</u>	<u>5.002.124</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

Skýr.	A hluti		A og B hluti	
	2019	2018	2019	2018
Rekstrarhreyfingar				
<i>Veltufé frá rekstri:</i>				
Rekstrarniðurstaða ársins.....	195.306	150.567	300.315	242.759
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</i>				
Afskriftir.....	8	103.505	105.788	175.030
Afskriftir langtímakrafna.....		0	17.346	0
Verðbætur og gengismunur.....		31.273	38.316	42.230
Sölutap (-hagnaður) eigna.....		(28.969)	0	(28.969)
Breyting á lífeyrisskuldbindingum.....	13	39.614	34.439	41.645
		<u>340.728</u>	<u>346.456</u>	<u>530.251</u>
				<u>505.069</u>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum</i>				
Vörubirgðir, lækkun (hækkun).....		17	423	17
Fyrirframgreiddur kostnaður, lækkun (hækkun).....		(2.911)	(211.170)	(2.067)
Óinnh. tekjur og viðskiptakr., lækkun (hækkun).....		(27.125)	(10.188)	(10.876)
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....		943	(2.339)	(371)
Viðskiptaskuldir, lækkun (hækkun).....		23.535	(46.716)	18.648
Aðrar skammtímaskuldir, lækkun (hækkun).....		(2.009)	(49.904)	(4.880)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar.....	13	(18.314)	(17.005)	(20.443)
		<u>(25.865)</u>	<u>(336.898)</u>	<u>(19.973)</u>
				<u>(298.601)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>314.864</u>	<u>9.558</u>	<u>510.277</u>
				<u>206.468</u>
Fjárfestingahreyfingar				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	8	(123.042)	(261.144)	(277.200)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna.....		33.600	4.778	33.600
Langtímakröfur breyting.....		684	1.671	(1.739)
		<u>(88.758)</u>	<u>(254.695)</u>	<u>(245.338)</u>
				<u>(514.264)</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....		(59.974)	512	0
Skuldir við lánastofnanir, breyting.....		0	0	(25.015)
Tekin ný langtímalán.....		0	345.000	0
Afborganir langtímalána.....		(104.947)	(95.854)	(126.092)
		<u>(164.921)</u>	<u>249.658</u>	<u>(151.106)</u>
				<u>312.057</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		61.185	4.520	113.833
Handbært fé í ársbyrjun.....		113.947	109.426	114.417
Handbært fé í árslok		<u>175.131</u>	<u>113.947</u>	<u>228.249</u>
				<u>114.417</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og auglýsingar um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst bæjarsjóður, sem er Aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð Ölfuss.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Vatnsveita Þorlákshafnar, Fráveita Ölfuss, Hafnarsjóður Þorlákshafnar, Félagslegar íbúðir Ölfuss, Íbúðir eldri borgara og Uppgræðslusjóður Ölfuss.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2019 hefur að geyma ársreikning A hluta og samantekinn ársreikning A og B hluta.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Ársreikningur A hluta

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Ársreikningur A og B hluta

Samantekinn ársreikningur A og B hluta tekur til bæjarsjóðs (A hluta) og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur bæjarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður milli A hluta og fyrirtækja sem mynda B hluta eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur vegna óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Innlausn tekna (framhald)

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

Niðurfærslur eigna

Skuldabréf, langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu, er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutir í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignum í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir með eignarréttarfyrirvörum samkvæmt samningum um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama hátt og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir sveitarfélagsins í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarfélagsins eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikning A hluta.

Birgðir

Birgðir rekstrarvara eru færðar á kostnaðarverði.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði, að frádregnum greiddum afborgunum, og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins, eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2019	Fjárhags- áætlun 2019	2019	Fjárhags- áætlun 2019
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs				
Útsvar.....	1.218.189	1.218.600	1.218.189	1.218.600
Fasteignaskattur.....	342.536	335.220	337.026	335.220
Lóðarleiga.....	32.026	31.460	32.026	31.460
	<u>1.592.752</u>	<u>1.585.280</u>	<u>1.587.241</u>	<u>1.585.280</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Þjónustuframlag.....	233.249	198.000	233.249	198.000
Framlag vegna fasteignagjalda.....	68.095	68.100	68.095	68.100
Almennt grunnskólaframlag.....	96.782	96.400	96.782	96.400
Framlag vegna nýbúa.....	4.940	4.940	4.940	4.940
Framlag vegna sérþarfa barna.....	15.050	14.610	15.050	14.610
Framlag vegna fatlaðra.....	101.509	115.105	101.509	115.105
Framlag vegna tónlistarmenntunar.....	1.925	1.450	1.925	1.450
	<u>521.550</u>	<u>498.605</u>	<u>521.550</u>	<u>498.605</u>
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur.....	198.036	186.130	540.784	495.955
Eignatekjur.....	40.348	40.585	64.027	64.435
Aðrar tekjur.....	18.840	17.429	6.500	4.394
	<u>257.224</u>	<u>244.144</u>	<u>611.311</u>	<u>564.784</u>
Rekstrartekjur samtals	<u><u>2.371.526</u></u>	<u><u>2.328.029</u></u>	<u><u>2.720.102</u></u>	<u><u>2.648.669</u></u>
Álagningarhlutföll				
Útsvar.....		14,52%		
Fasteignaskattur - A-liður.....		0,35%		
Fasteignaskattur - B-liður.....		1,32%		
Fasteignaskattur - C-liður.....		1,65%		

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Fjárhagsáætlun		Fjárhagsáætlun	
	2019	2019	2019	2019
Laun.....	916.147	920.730	971.616	970.300
Launatengd gjöld.....	216.811	221.050	229.543	232.305
	<u>1.132.958</u>	<u>1.141.780</u>	<u>1.201.159</u>	<u>1.202.605</u>
Stöðugildi árið 2019.....	128,6		132,6	
Starfsmannafjöldi í árslok 2019.....	191		195	

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 44,4 milljónir króna á árinu 2019 en voru 46,5 milljónir króna á árinu 2018.

5. Fjármunatekjur

	A hluti		A og B hluti	
	Fjárhagsáætlun		Fjárhagsáætlun	
	2019	2019	2019	2019
Vaxtatekjur af bankainnst. og skuldabréfaeign.....	4.395	1.650	4.566	1.750
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign.....	6.126	0	2.477	0
Tekjur af hlutabréfaeign.....	3.679	3.550	3.679	3.550
Aðrar vaxtatekjur.....	1.315	2.450	1.786	2.810
	<u>15.515</u>	<u>7.650</u>	<u>12.508</u>	<u>8.110</u>

6. Fjármagnsgjöld

	A hluti		A og B hluti	
	Fjárhagsáætlun		Fjárhagsáætlun	
	2019	2019	2019	2019
Vaxtagjöld af skammtímask. við lánastofnanir.....	187	0	431	0
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum.....	69.920	80.933	89.586	108.594
Önnur vaxtagjöld.....	0	0	186	0
	<u>70.106</u>	<u>80.933</u>	<u>90.203</u>	<u>108.594</u>

Skýringar

7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun	Hlutfall af tekjum
Skatttekjur.....	0	2.163.405	2.163.405	2.138.885	91,2%
Félagsþjónusta.....	322.909	55.695	(267.214)	(279.661)	(11,3%)
Heilbrigðismál.....	3.018	0	(3.018)	(3.040)	(0,1%)
Fræðslu- og uppeldismál.....	1.090.493	134.302	(956.191)	(978.990)	(40,3%)
Menningarmál.....	73.994	6.448	(67.547)	(71.056)	(2,8%)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	306.501	46.280	(260.220)	(265.461)	(11,0%)
Brunamál og almannavarnir.....	37.833	0	(37.833)	(41.684)	(1,6%)
Hreinlætismál.....	62.843	36.028	(26.816)	(31.355)	(1,1%)
Skipulags- og byggingarmál.....	81.146	9.762	(71.383)	(76.560)	(3,0%)
Umferðar- og samgöngumál.....	66.369	376	(65.993)	(73.647)	(2,8%)
Umhverfismál.....	47.186	12.536	(34.650)	(35.500)	(1,5%)
Atvinnumál.....	17.710	8.123	(9.587)	(9.754)	(0,4%)
Framlög til B hluta stofnana.....	10.350	0	(10.350)	(10.350)	(0,4%)
Sameiginlegur kostnaður.....	149.927	17.448	(132.479)	(142.805)	(5,6%)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	49.844	0	(49.844)	(45.300)	(2,1%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	12.255	97.386	85.131	92.441	3,6%
Aðalsjóður samtals.....	2.332.376	2.587.788	255.412	166.162	
A hluta stofnanir:					
Eignasjóður	335.508	306.025	(29.484)	(54.491)	
Þjónustumiðstöð Ölfuss.....	83.742	53.118	(30.623)	(44.997)	
Jöfnunarfærslur.....	(559.890)	(559.890)	0	0	
A hluti samtals.....	2.191.736	2.387.041	195.306	66.675	
B hluta stofnanir:					
Fráveita Ölfuss.....	27.991	51.273	23.282	18.530	
Vatnsveita Þorlákshafnar.....	26.514	36.093	9.579	8.958	
Hafnarsjóður Þorlákshafnar.....	169.468	256.527	87.059	54.019	
Félagslegar íbúðir Ölfuss.....	20.199	15.218	(4.981)	(7.353)	
Íbúðir eldri borgara.....	22.214	20.271	(1.943)	(4.389)	
Uppgræðslusjóður Ölfuss.....	11.337	3.350	(7.987)	(8.000)	
	277.722	382.731	105.009	61.765	
Jöfnunarfærslur.....	(37.163)	(37.163)	0	0	
Samantekinn ársreikningur (A og B hluti)....	2.432.295	2.732.610	300.315	128.440	

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

A hluti

	Fasteignir og byggingarland	Veitu- og gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun.....	4.024.137	259.472	92.110	4.375.719
Eignfært á árinu.....	110.086	10.271	2.686	123.042
Selt og aflagt á árinu.....	(7.851)	0	(1.650)	(9.501)
Staða í árslok.....	4.126.372	269.743	93.146	4.489.260

Afskriftir

Staða í ársbyrjun.....	1.310.381	114.782	49.434	1.474.598
Afskrift ársins.....	82.627	10.929	9.949	103.505
Selt og aflagt á árinu.....	(3.385)	0	(1.485)	(4.870)
Staða í árslok.....	1.389.623	125.712	57.898	1.573.233

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun.....	2.713.756	144.690	42.676	2.901.121
Bókfært verð í árslok.....	2.736.748	144.031	35.248	2.916.027

Afskriftarhlutföll..... 0-2,5% 4-15% 2,5-20%

A og B hluti

	Fasteignir og byggingarland	Veitu- og gatnakerfi	Hafnarmannvirki	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun.....	4.540.184	1.244.960	882.738	120.728	6.788.610
Eignfært á árinu.....	112.420	118.291	43.803	2.686	277.200
Selt og aflagt á árinu.....	(7.851)	0	0	(1.650)	(9.501)
Staða í árslok.....	4.644.753	1.363.252	926.540	121.764	7.056.309

Afskriftir

Staða í ársbyrjun.....	1.474.140	705.537	315.594	65.334	2.560.604
Afskrift ársins.....	92.634	36.784	34.254	11.358	175.030
Selt og aflagt á árinu.....	(3.385)	0	0	(1.485)	(4.870)
Staða í árslok.....	1.563.388	742.320	349.848	75.207	2.730.764

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun.....	3.066.044	539.424	567.143	55.395	4.228.006
Bókfært verð í árslok.....	3.081.364	620.932	576.692	46.557	4.325.545

Afskriftarhlutföll..... 0-12% 4-15% 2-20% 2,5-25%

A hluti

	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
Leikskólar og grunnskólar.....	1.033.552	2.325.611	1.113.699
Aðrar fasteignir.....	1.059.831	2.443.080	1.623.050
	<u>2.093.383</u>	<u>4.768.691</u>	<u>2.736.748</u>

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

A og B hluti	Vátryggingamat	Bókfært verð
Fasteignir A hluta, sjá að framan.....	4.768.691	2.736.748
Hafnarsjóður Porlákshafnar.....	119.100	55.860
Félagslegar íbúðir Ölfuss.....	367.010	108.771
Íbúðir eldri borgara.....	476.700	179.984
	<u>5.731.501</u>	<u>3.081.364</u>

9. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum:	A og B hluti	
	2019	2018
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.....	0	12.104
Brunavarnir Árnessýslu.....	14.114	14.114
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.....	11.450	11.450
Háskólafélag Suðurlands ehf.....	7.446	7.446
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	76.452	76.452
Aðrir eignarhlutir.....	1.322	1.322
Bókfært verð í lok árs.....	<u>110.785</u>	<u>122.889</u>

10. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

	A og B hluti	
	2019	2018
Staða í ársbyrjun.....	34.219	51.062
Viðbót.....	2.432	1.681
Innborganir.....	(693)	(585)
Verðbreytingar.....	904	1.086
Afskrifað.....	0	(19.026)
Staða í árslok.....	<u>36.861</u>	<u>34.218</u>
Næsta árs afborgun.....	<u>(1.864)</u>	<u>(748)</u>
	<u>34.997</u>	<u>33.470</u>

11. Aðrar peningalegar eignir

Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Útvar og aðstöðugjöld.....	207.349	187.938	207.349	187.938
Fasteignagjöld.....	14.589	20.049	14.589	20.049
Aðrar tekjur.....	93.450	75.756	110.328	109.317
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast.....	(75.235)	(70.715)	(76.545)	(72.458)
	<u>240.153</u>	<u>213.028</u>	<u>255.721</u>	<u>244.845</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Staða í ársbyrjun.....	70.715	53.860	72.458	55.676
Breyting niðurfærslu á árinu.....	1.638	19.026	1.639	19.026
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu.....	2.882	(2.171)	2.448	(2.244)
Staða í árslok.....	<u>75.235</u>	<u>70.715</u>	<u>76.545</u>	<u>72.458</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Skýringar

11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Aðrar skammtímakröfur	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Virðisaukaskattur.....	4.777	5.661	4.777	5.661
Óinnheimtir vextir.....	151	153	402	321
Aðrar kröfur.....	12.574	12.632	13.905	12.731
	<u>17.503</u>	<u>18.446</u>	<u>19.084</u>	<u>18.713</u>

Handbært fé

Handbært fé sveitarfélagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Óbundnar bankainnst. í ísl. krónum.....	175.131	113.946	228.249	114.417
	<u>175.131</u>	<u>113.946</u>	<u>228.249</u>	<u>114.417</u>

12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2019.....	1.844.141	2.675.701
Atvinnuþróunarsjóður aflagður.....	(12.104)	(12.104)
Rekstrarniðurstaða ársins.....	195.306	300.315
Eigið fé 31.12.2019.....	<u>2.027.342</u>	<u>2.963.911</u>

13. Lífeyrisskuldbinding

Á bæjarsjóði hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en um er að ræða réttindatengd lífeyriskerfi með bankaábyrgð launagreiðanda. Áfallin skuldbinding skv. útreikningi tryggingastærðfræðinga, miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkunar, er áætluð alls um 446,0 milljónir króna í árslok 2019 og hefur þá hækkað um 21,3 milljónir króna frá sama tíma árið áður. Gjaldfærsla skuldbindingarinnar á árinu nemur 39,6 milljónum króna. Þá var gjaldfært í rekstri greiðslur til Brúar lífeyrissjóðs að fjárhæð 10,3 milljónum króna. Nánar er fjallað um uppgjörsgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs í skýringu 18 með ársreikningnum.

Á Hafnarsjóði hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur um 20,6 milljónum króna samkvæmt mati tryggingastærðfræðings og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkunar. Skuldbindingin lækkaði um 98 þúsund krónur en gjaldfærð skuldbinding Hafnarsjóðs á árinu nemur um 2,0 milljónum króna. Uppgjörsgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs vegna Hafnarsjóðs námu 844 þúsund króna sem voru færðar á meðal rekstrargjalda á árinu 2019.

	Árið 2019		Árið 2018	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári.....	424.749	445.431	407.315	427.829
Hækkun ársins.....	39.614	41.645	34.439	34.775
Afborganir ársins.....	(18.314)	(20.443)	(17.005)	(17.173)
Lífeyrisskuldbindingar í árslok.....	<u>446.049</u>	<u>466.633</u>	<u>424.749</u>	<u>445.431</u>

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2020-2024.....	85.935	90.092
Árin 2025-2029.....	95.599	100.223
Árin 2030-2034.....	88.211	92.479
Síðar.....	176.305	183.838
	<u>446.049</u>	<u>466.633</u>

Skýringar

14. Langtímaskuldir

Breyting langtímaskulda á árinu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða í ársbyrjun.....	1.333.152	1.686.032
Afborganir á árinu.....	(104.947)	(126.092)
Verðbætur.....	34.008	43.134
Staða í árslok.....	1.262.213	1.603.074
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	(108.816)	(130.650)
Langtímaskuldir í árslok.....	1.153.396	1.472.424
Vaxtakjör í árslok.....	2,80-5,22%	1,00-5,22%

Lán sveitarfélagsins eru öll verðtryggð.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir.....	108.816	130.650
Afborganir 2020.....	85.043	107.289
Afborganir 2021.....	87.440	107.237
Afborganir 2022.....	89.904	107.265
Afborganir 2023.....	82.855	96.191
Afborganir síðar.....	808.154	1.054.442
	1.262.213	1.603.074

15. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Innlendar viðskiptaskuldir.....	74.130	50.596	76.597	57.949
	74.130	50.596	76.597	57.949

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Skuldir við lánastofnanir.....	108.816	103.777	130.650	127.037
	108.816	103.777	130.650	127.037

Aðrar skammtímaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Virðisaukaskattur.....	0	0	2.782	5.394
Ógreidd opinber gjöld.....	25.076	27.846	25.076	27.846
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	65.779	63.387	67.860	65.447
Ógreiddir áfallnir vextir.....	9.304	10.817	10.795	12.588
Aðrar skuldir.....	76	195	603	721
	100.236	102.245	107.116	111.997

Skýringar

16. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sveitarfélagið er ásamt öðrum nærliggjandi sveitarfélögum þátttakandi í fjórum byggðasamlögum: Bergrisanum bs., Sorpstöð Suðurlands bs., Héraðsnefnd Árnesinga bs. og Brunavörnum Árnessýslu. Auk þessara verkefna tekur sveitarfélagið þátt í ýmsum öðrum samstarfsverkefnum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna miðað við samanlagða íbúatölu á hverju ári.

17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Á árinu náðu viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. Uppgjörsgreiðslur til Brúar lífeyrissjóðs

Í kjölfar lagabreytinga á árinu 2017 er vörðuðu samræmingu og jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum markaði bar sveitarfélögum að gera upp reiknaðan framtíðarhalla A-deildar Brúar lífeyrissjóðs með einskiptisgreiðslu. Til stóð að uppgjórið færi fram á árinu 2017 en það dróst fram í febrúar 2018. Á árinu 2017 voru settar tvær nýjar reglugerðir vegna þessa, annars vegar með breytingu á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga og hins vegar með breytingu á reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga í þeim tilgangi að samræma reikningshaldslega meðhöndlun hjá sveitarfélögum. Um var að ræða eingreiðslur sveitarfélagsins í þrjá sjóði, jafnvægisjóð, varúðarsjóð og lífeyrisaukasjóð. Sveitarfélagið hefur fylgt þessum leiðbeiningum um reikningshaldslega meðhöndlun og gjaldfærði þann hluta greiðslunnar sem var ætlað að gera upp áfallna skuldbindingu sjóðsins í tengslum við uppgjör A deildar sjóðsins á árinu 2017, þ.e. framlag í jafnvægisjóð. Framlag í jafnvægisjóð á árinu 2017 var 61,7 milljónir króna, þar af var framlag Hafnarsjóðs 3,3 milljónum króna. Greiðslur sveitarfélagsins í lífeyrisaukasjóð námu 214,4 milljónum króna, þar af 21,6 milljón króna vegna Hafnarsjóðs. Heimilt er að færa greiðslur í lífeyrisaukasjóð til gjalda á 30 árum, frá og með 31. maí 2017. Fjárhæðin færast meðal fyrirframgreiðslna í efnahagsreikningi. Greiðslur í varúðarsjóð námu 23 milljónum króna, þar af 2,5 vegna Hafnarsjóðs. Greiðslur í varúðarsjóð eru einnig eignfærðar meðal fyrirframgreiðslna og færðar til gjalda á 20 árum. Áætlað er að framlag í lífeyrisauka- og varúðarsjóð geti numið 15,4 milljónum króna á ári.

Á árinu 2019 bættist við skuldbinding við Brú lífeyrissjóð vegna kostnaðarþátttöku í skólasterfi í Hveragerðisbæ. Framlag vegna þessa í jafnvægisjóð var 2,4 milljónir króna. Greiðsla sveitarfélagsins í lífeyrisaukasjóð nam 10 milljónum króna. Heimilt er að færa greiðslur í lífeyrisaukasjóð til gjalda á 30 árum. Fjárhæðin færast meðal fyrirframgreiðslna í efnahagsreikningi. Greiðslur í varúðarsjóð námu 1,1 milljón króna. Greiðslur í varúðarsjóð eru einnig eignfærðar meðal fyrirframgreiðslna og færðar til gjalda á 20 árum. Áætlað er að framlag í lífeyrisauka- og varúðarsjóð geti numið 386 þúsund krónum á ári.

19. Atburðir eftir reikningsskiladag

Kórónuveiru (COVID-19) heimsfaraldurinn sem geislað hefur yfir heimsbyggðina síðustu mánuði hefur skapað mikla óvissu fyrir íslenskt efnahagslíf og ljóst að hann mun hafa margvíslegar afleiðingar í för með sér. Bæjarstjórn og stjórnendur fylgjast sérstaklega með áhrifum kórónaveirunnar á afkomu og stöðu sveitarfélagsins. Enn ríkir veruleg óvissa um efnahagsleg áhrif faraldursins og hversu lengi hann muni vara en búast má við að hann hafi töluverð áhrif á rekstur sveitarfélagsins. Áhrifin kunna að vera margvísleg en meðal annars er gert ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins lækki, velferðarútgjöld og önnur útgjöld hækki auk frestunar á gjalddögum útistandandi krafna sveitarfélagsins. Stjórnendur sveitarfélagsins munu rýna fjárhagsáætlun ársins 2020 og leggja mat á hvort forsendur hennar haldi.

Það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að þrátt fyrir þá óvissu sem er að framan lýst, sé fjárhagsleg staða sveitarfélagsins sterk og sveitarfélagið í stakk búið til að mæta skammtímaáhrifum í minnkandi sjóðsflæði.

Skýringar

20. Lykiltölur

Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:

	Áætlun 2019	2019	2018	2017	2016	2015
Jafnvægisregla,						
rekstrarjöfnuður í þús.kr.....	671.514	694.764	552.275	315.134	301.310	237.283
Skuldaviðmið skv. reglugerð.....		57,00%	69,71%	77,89%	71,96%	90,66%
Skuldahlutfall.....		82,84%	91,61%	89,30%	92,70%	115,81%

Í hlutfalli við rekstrartekjur:	A hluti		A og B hluti	
	2019	Fjárhags- áætlun 2019	2019	Fjárhags- áætlun 2019
Skatttekjur.....	67,16%	68,10%	58,35%	59,85%
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	21,99%	21,42%	19,17%	18,82%
Skatttekjur samtals.....	89,15%	89,51%	77,53%	78,68%
Aðrar tekjur.....	10,85%	10,49%	22,47%	21,32%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>
Laun og launatengd gjöld.....	(47,77%)	(49,04%)	(44,16%)	(45,40%)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	(2,10%)	(1,95%)	(1,94%)	(1,84%)
Annar rekstrarkostnaður án afskrifta.....	(35,22%)	(38,41%)	(33,57%)	(37,47%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	14,90%	10,60%	20,33%	15,28%
Afskriftir.....	(4,36%)	(4,59%)	(6,43%)	(6,64%)
Fjármagnsliðir, nettó.....	(2,30%)	(3,15%)	(2,86%)	(3,79%)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>8,24%</u>	<u>2,86%</u>	<u>11,04%</u>	<u>4,85%</u>
Handbært fé frá rekstri.....	13,28%		18,76%	
Fjárfestingahreyfingar.....	(3,74%)		(9,02%)	

Í þúsundum króna á íbúa:

Rekstur:	A hluti		A og B hluti	
	2019	Fjárhags- áætlun 2019	2019	Fjárhags- áætlun 2019
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður.....	930	917	928	917
Aðrar tekjur.....	113	107	269	248
Rekstrartekjur samtals.....	1.043	1.024	1.197	1.165
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir án afskrifta.....	(912)	(948)	(988)	(1.031)
Rekstrarniðurstaða ársins.....	<u>131</u>	<u>76</u>	<u>209</u>	<u>134</u>

Í þúsundum króna á íbúa:

Efnahagur:	A hluti		A og B hluti	
	2019	2018	2019	2018
Eignir	1.723	1.697	2.295	2.256
Eigið fé.....	892	900	1.304	1.316
Lífeyrisskuldbindingar.....	196	192	205	201
Skuldir án skuldbindinga.....	635	673	786	848

Fimm ára yfirlit A hluta:

Íbúafjöldi:	Árið 2019	Árið 2018	Árið 2017	Árið 2016	Árið 2015
Í ársbyrjun.....	2.156	2.106	2.005	1.956	1.885
Breyting á árinu.....	117	50	101	49	71
Í árslok.....	<u>2.273</u>	<u>2.156</u>	<u>2.106</u>	<u>2.005</u>	<u>1.956</u>

Skýringar

20. Lykiltölur (framhald)

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ára á verðlagi hvers árs:

	Árið 2019	Árið 2018	Árið 2017	Árið 2016	Árið 2015
Í hlutfalli við rekstrartekjur:					
Útsvar.....	51,37%	50,17%	49,53%	49,15%	48,88%
Fasteignaskattar.....	15,79%	15,31%	15,29%	15,76%	17,05%
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	21,99%	23,20%	23,21%	22,70%	22,01%
Eignatekjur.....	1,70%	1,87%	1,79%	2,90%	2,79%
Skatttekjur samtals.....	90,86%	90,55%	89,81%	90,51%	90,72%
Aðrar tekjur.....	9,14%	9,45%	10,19%	9,49%	9,28%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>
Laun og launatengd gjöld.....	47,77%	47,96%	47,45%	47,02%	51,00%
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	2,10%	1,88%	4,34%	2,64%	2,39%
Annar rekstrarkostnaður.....	35,22%	35,82%	35,72%	37,18%	39,64%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	14,90%	14,33%	12,49%	13,16%	6,96%
Afskriftir.....	4,36%	4,75%	4,83%	5,05%	5,44%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.liði.....	10,54%	9,58%	7,67%	8,12%	1,52%
Fjármagnsliðir, nettó.....	(2,30%)	(2,82%)	(1,56%)	(2,31%)	(2,83%)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>8,24%</u>	<u>6,76%</u>	<u>6,11%</u>	<u>5,81%</u>	<u>(1,31%)</u>

	Árið 2019	Árið 2018	Árið 2017	Árið 2016	Árið 2015
Í þúsundum króna á íbúa:					
Rekstur:					
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður.....	930	890	862	822	748
Aðrar tekjur.....	113	114	117	116	103
	<u>1.043</u>	<u>1.004</u>	<u>979</u>	<u>939</u>	<u>850</u>
Laun og launatengd gjöld.....	498	482	465	441	434
Annar rekstrarkostnaður.....	367	360	350	349	337
Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.liði.....	155	144	122	124	13
Fjármagnsliðir, nettó.....	(24)	(28)	(15)	(22)	(24)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>131</u>	<u>116</u>	<u>107</u>	<u>102</u>	<u>(11)</u>

Efnahagur:

Eignir.....	1.723	1.697	1.632	1.638	1.657
Eigið fé.....	892	832	802	782	752
Lífeyrisskuldbindingar.....	196	192	193	198	186
Skuldir án skuldbindinga.....	635	673	637	659	719

Sjóðstreymi:

Handbært fé frá rekstri.....	139	4	160	119	66
------------------------------	-----	---	-----	-----	----

Aðrar lykiltölur:

Veltufjárhlutfall.....	2,02	1,65	1,19	1,31	1,10
Eiginfjárhlutfall.....	51,77%	49,02%	49,16%	47,71%	45,38%

Skýringar

21. Rekstraráætlanir

Neðangreint yfirlit sýnir rekstraráætlun fyrir árið 2019 samkvæmt upphaflegri samþykkttri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktu viðauka og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrartekjur						
Skatttekjur án framl. Jöfnunarsj.....	1.587.240	(1.960)	1.585.280	1.583.140	2.140	1.585.280
Framlög úr Jöfnunarsjóði.....	519.765	(21.160)	498.605	519.765	(21.160)	498.605
Aðrar tekjur.....	218.300	25.844	244.144	536.095	28.689	564.784
	<u>2.325.305</u>	<u>2.725</u>	<u>2.328.030</u>	<u>2.639.000</u>	<u>9.670</u>	<u>2.648.670</u>
Rekstrargjöld						
Laun og annar starfsm. kostn.....	1.147.715	39.365	1.187.080	1.212.055	39.365	1.251.420
Annar rekstrarkostnaður.....	916.651	(22.403)	894.248	1.012.904	(20.458)	992.446
Afskriftir fastafjármuna.....	106.744	0	106.744	175.880	0	175.880
	<u>2.171.110</u>	<u>16.961</u>	<u>2.188.071</u>	<u>2.400.839</u>	<u>18.906</u>	<u>2.419.745</u>
Rekstrarniðurst. án fjármunat. og fjármagnsgjalda.....	154.195	(14.236)	139.958	238.161	(9.236)	228.925
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj).....	(74.124)	841	(73.283)	(101.325)	841	(100.484)
	<u>(74.124)</u>	<u>841</u>	<u>(73.283)</u>	<u>(101.325)</u>	<u>841</u>	<u>(100.484)</u>
Rekstrarniðurstaða.....	<u>80.071</u>	<u>(13.395)</u>	<u>66.675</u>	<u>136.836</u>	<u>(8.395)</u>	<u>128.440</u>

Skýringar

21. Rekstraráætlanir, frh.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2019 samkvæmt upphaflega samþykktri sjóðstreymisáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og sjóðstreymisáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða (neikvæð).....	80.071	(13.395)	66.675	136.836	(8.395)	128.441
Líðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			0			0
Afskriftir.....	106.744	0	106.744	175.880	0	175.880
Söluhagnaður rekstrarfjármuna.....	0	(28.500)	(28.500)	0	(28.500)	(28.500)
Verðbætur og gengismunur.....	46.262	0	46.262	61.320	0	61.320
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	36.500	0	36.500	38.750	0	38.750
Veltufé frá rekstri	269.577	(41.895)	227.681	412.786	(36.895)	375.891
Breytingar á skammtímalíðum:						
Skammtímakröfur, lækkun.....	0	20.000	20.000	0	20.000	20.000
Skammtímaskuldir, hækkun.....	0	40.000	40.000	0	40.000	40.000
Afborganir lífeyrisskuldbindingar.....	(18.000)	0	(18.000)	(19.740)	0	(19.740)
Breyt. á rekstrart. eignum og skuldum	(18.000)	60.000	42.000	(19.740)	60.000	40.260
Handbært fé frá rekstri	251.577	18.105	269.681	393.046	23.105	416.151
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárfest. í varanl. rekstrarfjárm.....	(215.020)	29.620	(185.400)	(313.970)	(30.780)	(344.750)
Söluverð seldra rekstrarfjárm.....	0	33.000	33.000	0	33.000	33.000
Eignarhlutir í félögum, breyting.....	(20.700)	0	(20.700)	(20.700)	0	(20.700)
Langtímakröfur, breyting.....	8.768	0	8.768	9.613	0	9.613
Langt.kröfur á eigin fyrirt., breyt.....	2.415	0	2.415	0	0	0
Fjárfestingahreyfingar	(224.537)	62.620	(161.917)	(325.057)	2.220	(322.837)
Fjármögnunarahreyfingar						
Viðskiptast. eigin fyrirt., breyt.....	(15.056)	(55.400)	(70.456)	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	90.000	(90.000)	0	90.000	(90.000)	0
Afborganir langtímalána.....	(106.468)	0	(106.468)	(128.110)	0	(128.110)
Skammtímalán, breyting.....	0	0	0	(15.000)	0	(15.000)
Fjármögnunarahreyfingar	(31.524)	(145.400)	(176.924)	(53.110)	(90.000)	(143.110)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	(4.484)	(64.675)	(69.159)	14.879	(64.675)	(49.796)
Handbært fé (fjárpörf) í ársb.....	69.823	44.124	113.947	69.823	44.594	114.417
Handbært fé (fjárpörf) í árslok.....	65.339	(20.551)	44.788	84.702	(20.081)	64.621

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 731/2013, með síðari breytingum, og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins frá 19. september 2013. Bæjarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Bæjarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og að það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina. Um áhættustýringu er vísað til ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar.

Fjöldi fulltrúa í bæjarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimasíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnnum.

Í 2. tölul. 44. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem bæjarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er bæjarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Þar sitja nú fulltrúar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld sem stjórnad er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Bæjarstjórn sveitarfélagsins samþykkti í október 2012 siðareglur fyrir kjörna fulltrúa sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.